

Umsögn
Jóhann Ágúst Hansen
2. febrúar 2014
266. mál. ráðstafanir gegn málverkafölsunum

Nefndasvið Alþingis
b/t allsherjar- og menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Varðar tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir gegn málverkafölsunum.
Þingskjal 499 — 266. mál.

Falsanir á íslenskum listaverkum og höfundarmerkingum er viðloðandi vandamál á listaverkamarkaðinum og mun vera um ókomna tíð. Þó fjöldi falsaðra listaverka hafi komið fram er ljóst að verkin sem ekki hafa komið fram á sjónarsviðið eru fleiri og þau munu á næstu áratugum rata inn á listaverkamarkaðinn með einum eða öðrum hætti. Flestar þessara falsana munum fara um hendur þeirra aðila sem starfa á listaverkamarkaði, gallería og uppboðshúsa. Það er því mikilvægt að fulltrúar þessara aðila komi að mótun aðgerða gegn málverkafölsunum.

Á listaverkamarkaðinum starfa einstaklingar sem eru sérfræðingar á þessu sviði. Í því ástandi sem nú er þurfa neytendur og fyrirtæki eins og okkar, Gallerí Fold, að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir því að rannasaka hvort verk séu fölsuð eða ekta. Þetta er óásættanleg ástand þar sem hið opinbera hefur algjörlega brugðist, ástand sem hefur kostað neytendur stórfé.

Það verður að búa svo um hnútana að neytendur veigri sér ekki við því að láta skoða eða rannasaka meintar falsanir. Það verður að huga að því að verði ekkert aðhafst þá munu falsanir, þegar fram líða stundir, halda áfram að hafa óæskileg áhrif á listasöguna og menningararf þjóðarinnar. Töluverður skaði hefur nú þegar átt sér stað.

Í kjölfar dómsins í stóra málverkafölsunarmálinu skipaði þáverandi Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefnd til þess að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og tillögum í apríl 2005 en þeim hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Meðfylgjandi er skilagrein starfshópsins.

Nýjar falsanir á listaverkum eru enn að koma fram og því nauðsynlegt að veita neytendum vernd og listaverkamarkaðinum styrk til að takast á við þetta vandamál.

Til viðbótar þeim tillögum sem starfshópur þáverandi Menntamálaráðherra lagði til vil ég bæta við neðangreindum tillögum sem áður hafa verið kynntar fyrrverandi Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, á fundi 13. október 2010:

1. Opna leið fyrir almenning til að fá úr því skorið eftir hvern listaverk eru og hvort grunur leiki á að um hvort um fölsun sé að ræða. Þessa þjónustu er hægt að veita hjá Listasafni Íslands. Fyrir þessa þjónustu væri hægt að innheimta gjald til að standa undir kostnaði.

2. Koma þarf á fót fagráði eða fagráðum sem halda utan um verkaskrá helstu listamanna þjóðarinnar, hvort sem verk þeirra hafa verið fölsuð eður ei. Eðlilega á þessi starfsemi að vera á ábyrgð stóru safnanna í landinu.

Þessi fagráð þurfa að geta gefið út staðfestingar á uppruna listaverka og að viðkomandi listaverk hafi verið skráð hjá safninu. Slíkt myndi auka trúverðugleika verka og gefa listaverksölum tæki til að takast á við vafasöm listaverk.

Erlendis starfa sambærileg fagráð og meta hvort listaverk séu í raun eftir þann höfund sem haldið er fram. Eitt slíkt ráð er um bandaríska listamanninn Frederic Remington í Buffalo Bill Historical Center í Cody, Wyoming.

Kópavogur 2. febrúar 2014

Jóhann Ágúst Hansen, listmunasali

Meðfylgjandi: Skilagrein starfshóps gegn listaverkafölsunum

Skilagrein starfshóps gegn listaverkafölsunum

Menntamálaráðherra skipaði í maí 2004 starfshóp til að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt sé að bregðast við þeim vanda sem af þeim hlýst.

Inngangur:

Menntamálaráðherra skipaði í maí 2004 starfshóp til að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt sé að bregðast við þeim vanda sem af þeim hlýst. Starfshópnum var falið að láta ráðherra í té greinargerð um áhrif falsana á íslenska myndlist, höfundarétt og menningararf, sem og um hagræn áhrif listaverkafalsana á myndlistarmarkaðinn. Þá var hópnum jafnframt falið að gera tillögur um leiðir til að sporna gegn listaverkafölsun. Starfshópurinn var þannig skipaður: prófessor Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Edda Jónsdóttir, listmunasali, Kristín Guðnadóttir, listfræðingur, Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur, og Þorgeir Ólafsson, deildarstjóri, sem jafnframt var starfsmaður hópsins. Ráðgert var að starfshópurinn skilaði tillögum sínum og greinargerð fyrir 1. nóvember 2004 en óskað var eftir fresti til 1. apríl 2005. Hópurinn fundaði tíu sinnum. Ýmsir aðilar er þekkja til fölsunarmála og listaverkamarkaðarins voru kallaðir á fund hópsins og er listi yfir viðmælendur í viðauka.

Helstu niðurstöður:

a) Starfshópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt með opinberum aðgerðum að koma í veg fyrir listaverkafölsunir. Hins vegar sé hægt með fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum að búa þannig um hnútana að erfitt verði að bjóða fölsuð verk til sölu á markaði og að kaupendur geri kröfur um áreiðanleika þeirra upplýsinga, sem seljendur láta í té, um verkin. Hópurinn telur að jafnframt hertum lagaskilyrðum og aukinni upplýsingagjöf til kaupenda muni markaðurinn ná jafnvægi og fölsuðum verkum verði ýtt út af honum.

b) Ekki var talin ástæða til að leggja til að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að skrá verk í einkaeigu enda söfnuðust upplýsingar um þau smám saman hjá Myndstefi og listasöfnunum eftir atvikum. Það er mat listasafnanna að mjög torsótt sé að afla slíkra upplýsinga og að eðlilegra sé að söfnin stýri skráningarvinnu sinni samkvæmt faglegum markmiðum, sem einkum snúa að rannsóknum á einstökum listamönnum eða tímabilum í íslenskri listasögu.

c) Starfshópurinn telur nauðsynlegt að gerðar verði ráðstafanir til að efla rannsóknir á íslenskri listasögu enda verði það m.a. til þess að fækka fölsuðum málverkum í umferð á markaði. Með slíkum rannsóknum yrði mikilvægi myndlistar fyrir íslenska menningarsögu dregið fram og undirstrikað

d) Tekið er undir þau sjónarmið að upplýsingar um verk, sem vafi leikur á um að séu ófölsuð, verði gerðar opinberar, t.d. fyrir tilstuðlan höfundaréttarsamtaka. Þá er það niðurstaða hópsins að rétt sé að gera breytingar á lögum um ábyrgð seljenda, uppboð og merkingar. Að lokum telur hópurinn rétt að beita sér fyrir að hagsmunaaðilar, þ.e. fulltrúar neytenda, tryggingafélaga, höfundaréttarsamtaka og listamanna, standi að útgáfu leiðbeininga til kaupenda listaverka.

e) Starfshópurinn telur að áhrif fölsunarmálsins megi merkja í auknu trausti almennings og listunnenda á núlifandi myndlistarmönnum og verkum þeirra. Þá er það mat hópsins að listaverkamarkaðurinn hafi ekki verið eyðilagður en hann hafi í kjölfar málsins dalað. Það eigi sér eðlilegar skýringar eins og t.d. að kaupendur hafi viljað halda að sér höndum meðan dómsmál stóðu yfir, framboðið minnkaði þegar starfsemi Gallerí Borgar lagðist af. Um tíma var efnahagsástandið með þeim hætti að dró úr fjárfestingum af þessu tagi og að lokum er talið að breytingar hafi orðið á kaupvenjum og eða smekk þeirra sem eiga fé til listaverkakaupa.

f) Það hefur komið fram í umræðum um áhrif fölsunarmálsins að það varðaði íslenskan menningararf. Um þetta eru skiptar skoðanir. Ljóst er að í einstökum tilvikum, t.d. hvað varðar Svavar Guðnason, að falsanirnar hafa skaðað orðstír hans og stöðu í Danmörku og víðar. Þá hefur tortryggni aukist í garð verka þeirra listamanna, sem helst urðu fyrir barðinu á fölsurum. Á hinn bóginn telja sumir að málið hafi engin áhrif á skráningu íslenskrar listasögu og væri ekki alvarleg atлага að íslenskri menningu þegar til lengri tíma er litið. Starfshópurinn telur að til að sporna gegn hugsanlegum neikvæðum áhrifum á íslenska menningarsögu og menningararf sé helst til ráða að efla listsögulegar rannsóknir og gagnasöfnun.

g) Starfshópurinn fjallaði um réttarstöðu listamanna og handhafa höfundaréttar skv. höfundalögum, nr. 73/1972. Sá verknaður að eigna tilteknum listamanni verk með því að falsa höfundamerkingu þess telst vera brot á sæmdarrétti viðkomandi listamanns skv. 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, jafnframt því sem slíkur verknaður kann að varða við 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Athygli starfshópsins hefur verið vakin á því að lögregla og ákærvald hafa í svonefndum fölsunarmálum ekki rannsakað og sótt málin á grundvelli 2. mgr. 4. gr. höfundalaga (brot gegn sæmdarrétti höfundar) en heimild er þó fyrir slíku skv. 3. tl. 2. mgr. 54. gr. höfundalaga. Ennfremur virðist ekki í málunum hafa verið gerð varakrafa, á eftir aðalkröfu um upptöku falsaðra verka í ríkissjóð, að afmá skuli falsaðar höfundamerkingar skv. 2. mgr. 55. gr. höfundalaga. Af því liggur beinast við að draga þá ályktun að lögregla og ákærvald hafi ekki til að bera næga þekkingu á höfundalögum. Nefndin leggur til að menntamálaráðuneyti, í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjórans, standi fyrir námskeiði um höfundarétt og höfundalög fyrir starfsmenn lögreglu og ákærvalds.

Tillögur:

1. Lagabreytingar

Lagt er til að stuðlað verði að breytingum á neðangreindum lögum:

a) Höfundalög: Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. 55. gr. höfundalaga á þann veg að þrátt fyrir 1. málslið ákvæðisins verði grandlausum eigendum listaverka með falsaða höfundamerkingu gert skylt að þola með dómi útstrikun slíkrar merkingar á málverkum í eigu þeirra.

b) Lög um verslunaratvinnu: Lagt er til að gerð verði breyting á III. og IV. kafla laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, á þann veg að seljendum (listaverkagalleríum og uppboðshöldurum) sé gert skylt að leggja fram eigendasögu listaverks sem boðið er til sölu í atvinnuskyni. Varðandi sölu listaverka í listaverkagalleríum er lagt til að seljandi beri ábyrgð á uppruna þeirra listmuna sem hann selur.

c) Almenn hegningarlög: Lagt er til að gerð verði breyting á VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, á þann vega að dæma megi grandlausan eiganda falsaðs listaverks til að sæta upptöku verksins, gegn greiðslu bóta úr ríkissjóði.

Starfshópurinn leggur til að menntamálaráðuneytið komi framangreindum hugmyndum um lagabreytingar á framfæri við a) höfundaréttarnefnd, b) iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og c) dómsmálaráðuneytið.

2. Leiðbeiningar til almennings um kaup á listaverkum

Lagt er til að ráðuneytið hafi frumkvæði að því að boða fulltrúa Neytendasamtakanna, tryggingafélaga, Myndstefs og Sambands íslenskra myndlistarmanna á fund þar sem kynntar yrðu hugmyndir um gerð leiðbeininga til almennings um kaup á listaverkum og því jafnframt beint til þessara aðila að þeir gæfu slíkt efni út og kostuðu gerð þess. Ekki er talið ráðlegt að ráðuneytið standi að því verki.

3. Birting dómskjala

Fulltrúar starfshópsins hafa þegar átt óformlegan fund með stjórn Myndstefs þar sem reifaðar voru hugmyndir um birtingu dómskjala um listaverk sem ekki hafa verið staðfest með dómi að væru ófölsuð. Stjórn Myndstefs ákvað að hafa frumkvæði í þessu máli og ekki er ástæða til að ráðuneytið hafi frekari afskipti af því.

4. Rannsóknir á listaverkamarkaði

Í samræmi við skipunarbréf starfshópsins er lagt til að veitt verði fé til rannsókna á umfangi listaverkamarkaðarins hér á landi. Talið er að þannig rannsókn, unnin undir handleiðslu sérfræðings, muni kosta um 500 þús.kr.

5. Námskeið fyrir löggæslufólk

Nefndin leggur til að menntamálaráðuneyti, í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjórans, standi fyrir námskeiði um höfundarétt og höfundalög fyrir starfsmenn lögreglu og ákærvalds.

Helstu efnisatriði er fram komu í viðræðum við gesti starfshópsins:

1. Því er haldið fram að allt að 900 fölsuð listaverk hafi farið á markað og byggist sú tilgáta á athugunum Ólafs Inga Jónssonar forvarðar.

2. Ábyrgð uppboðshaldara og seljenda er ábótavant. Breytingar á lögum þar að lútandi fyrir nokkrum árum hafi skaðað listaverkamarkaðinn. Um er að ræða síðustu breytingar á lögum um verslunaratvinnu þar sem leyfi til uppboða voru rýmkuð.

3. Nauðsynlegt er að gera nákvæma skrá yfir fölsuð listaverk og gera hana aðgengilega. Tilgangurinn með slíkri skrá væri einkum að gefa fólki færi á að ganga úr skugga um hvort verk, sem því væri boðið til kaups, væri þar.

4. Enginn viðmælenda treysti sér til að meta stærð eða umfang listaverkamarkaðarins. Stór hluti hans eru bein viðskipti milli einstaklinga og koma hvergi fram í gögnum, hvorki skattframtölum né annars staðar.

5. Fram komu þau sjónarmið að markaðurinn væri best til þess fallinn að ýta fölsuðum verkum til hliðar og að e.t.v. yrði til tveir markaðir; annars vegar hinn opinberi og hins vegar „svartur“ markaður með verk sem ekki hafi staðfesta eigendasögu eða höfundarmerkingu. Mismunandi viðhorf komu fram um áhrif „fölsunarmálsins“ á listaverkamarkaðinn. Sumir töldu hann hafa orðið fyrir svo miklu áfalli að það tæki hann langan tíma til að ná sér en aðrir töldu að það yrði skammt í að verslun með listaverk yrðu með sama hætti og áður en þá þannig að kaupendur væru varkárari og gerðu meiri kröfur til seljanda um áreiðanleika. Málið er fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis og ætti að skoðast í því ljósi. Af því leiðir að markaðurinn er besti aðilinn til að stýra því hvað gengur kaupum og sölum og hvað fellur dautt niður, þ.e. að markaðurinn mun smám saman velja út þau verk sem eru óekta. Málið snýst einnig um fleira en falsanir því á markaðnum eru mörg ómerkt verk og það þarf að finna með óyggjandi hætti hverjir eru höfundar þeirra.

6. Nauðsynlegt að breyta lögum í þá veru að fölsuð verk verði auðkennd sem slík, t.d. með því að í höfundalög verði sett ákvæði um að það megi afmá ranga höfundamerkingu.

7. Hvernig væri hægt að ná í eða auðkenna þau verk sem ákært var út af og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir að fölsuð verk verði á markaði. Kom m.a. fram að sumir töldu að dómskjöl Hæstaréttar ætti að setja á vefinn og að hagsmunasamtök listamanna, t.d. Myndstef tæki það að sér. Einnig rætt um að gefa eigendum listaverka kost á að skrá þau hjá opinberum aðila, t.d. Listasafni Íslands eða öðrum viðurkenndum söfnum.

8. Almennigur þarf að geta fengið leiðbeiningar um hvernig best er að bera sig að við kaup á listaverkum.

9. Greint var frá því að tryggingarfélag vilja fá vottun sérfræðinga fyrir því að tryggð verk séu ófölsuð/ekta.

10. Fram kom það sjónarmið að fölsunarmálið hefði engin áhrif á skráningu íslenskrar listasögu og væri ekki sú atlaða að íslenskri menningu sem oft hefur verið haldið fram.

11. Mjög mikilvægt er að hvetja starfandi listamenn til að halda skrár yfir verk sín og merkja þau með óyggjandi hætti.

Reykjavík 23. júní 2005

Tryggvi Þór Herbertsson, Edda Jónsdóttir, Kristín Guðnadóttir, Jón Vilberg Guðjónsson og Þorgeir Ólafsson

Viðauki:

Listi yfir viðmælendur:

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands,

Ólafur Ingi Jónsson, forvörður,

Jón Ögmundur Þormóðsson, lögfræðingur, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,

Þorsteinn J. Vilhjálmsson, dagskrárgerðarmaður,

Bragi Guðlaugsson, málrameistari og listaverkasafnari,

Knútur Bruun, lögfræðingur,

Viktor Smári Sæmundsson, forvörður.

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur var boðaður á fund hópsins en komst ekki.